

8. gr.

Við almenna skoðun bifreiðar skal skoðunarmaður kanna hvort ökuriti starfar eðlilega, hvort uppsetningarplatan sé föst á, hvort innsigli séu órofin og hvort ökuritinn sé með gerðarviðurkenningarkerki og mæla ummál hjólbarða (sbr. a-lið 3. tölul. VI. kafla í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85).

9. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar skal fara fram í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 88/599/EBE.

10. gr.

Lögregla og mælaeftirlitsmenn (starfsmenn Vegagerðarinnar) skulu líta eftir að ökuriti sé í ökutæki sem skal búið ökurita samkvæmt reglum þessum, að ökuritinn vinni eðlilega og að hann sé notaður eins og til er ætlast, svo og að aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við ákvæði í reglum þessum, sbr. EBE tilskipun nr. 88/599. Fyrir byrjun hvers árs skal setja upp skipurit fyrir eftirlitsstarfsemi ársins.

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 20., 21. og 23. tölul. XIII. viðauka EES samningsins, öðlast gildi 1. maí 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ökutæki sem fellur undir ákvæði reglna þessara og er aðeins í innanlandsflutningum skal svo fljótt sem unnt er, þó ekki síðar en 31. ágúst 1995, búið ökurita samkvæmt reglum þessum. Þar til slíkt ökutæki hefur verið búið ökurita skal ökumaður skrá aksturs- og hvíldartíma í akstursbók sem ávallt skal vera í ökutækinu. Ráðuneytið getur kveðið nánar á um hvenær ökutækið skuli búið ökurita eftir því hvar á landinu það er notað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 156/1992,
um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar
eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.**

1. gr.

Staflíður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	3.151	9400-9599	9.549
1000-1999	3.917	9600-9799	9.663
2000-2199	4.258	9800-9999	9.778
2200-2399	4.488	10000-10199	9.896
2400-2599	4.721	10200-10399	9.966
2600-2799	4.948	10400-10599	10.039
2800-2999	5.181	10600-10799	10.107
3000-3199	5.394	10800-10999	10.178
3200-3399	5.638	11000-11199	10.251
3400-3599	5.853	11200-11399	10.512
3600-3799	6.102	11400-11599	10.774
3800-3999	6.329	11600-11799	11.034
4000-4199	6.568	11800-11999	11.297
4200-4399	6.761	12000-12199	11.557
4400-4599	6.957	12200-12399	11.778
4600-4799	7.153	12400-12599	11.996
4800-4999	7.349	12600-12799	12.209
5000-5199	7.543	12800-12999	12.427
5200-5399	7.662	13000-13199	12.647
5400-5599	7.782	13200-13399	12.913
5600-5799	7.902	13400-13599	13.179
5800-5999	8.021	13600-13799	13.445
6000-6199	8.141	13800-13999	13.689
6200-6399	8.218	14000-14199	13.978
6400-6599	8.294	14200-14399	14.189
6600-6799	8.414	14400-14599	14.403
6800-6999	8.490	14600-14799	14.616
7000-7199	8.520	14800-14999	14.828
7200-7399	8.586	15000-15199	15.034
7400-7599	8.654	15200-15399	15.282
7600-7799	8.719	15400-15599	15.521
7800-7999	8.786	15600-15799	15.762
8000-8199	8.920	15800-15999	16.003
8200-8399	8.985	16000-16199	16.242
8400-8599	9.052	16200-16399	16.479
8600-8799	9.119	16400-16599	16.719
8800-8999	9.186	16600-16799	16.959
9000-9199	9.318	16800-16999	17.199
9200-9399	9.435		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17.000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 240 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17.000 kg. Af festi- og tengivöðnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 32/1994.

Fjármálaráðuneytið, 24. febrúar 1995.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bergþór Magnússon.

Nr. 138

3. mars 1995

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. nóvember 1993.**

1. gr.

16. gr. breytist þannig:
- a. Liður 16.02 (3) orðist svo:
Hjólbarðar fyrir ökutæki sem er 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd skulu vera negldir sem hér segir:
- a. Lengd nagla út úr nýnegldum hjólbarða má að meðaltali ekki vera meiri en 1,2 mm.
 - b. Lengd nagla út úr hjólbarða má ekki vera minni en 0,9 mm.
 - c. Hámarksfjöldi nagla má vera sem hér segir:
90 fyrir felgustærð til og með 13"
110 fyrir felgustærð yfir 13" til og með 15"
150 fyrir felgustærð yfir 15".
 - d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 1,4 g. Í hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarði) má þyngd hvers nagla þó mest vera 3 g.
 - e. Hámarks stöðukraftur nagla (sá kraftur sem þarf til þess að þrýsta nagla sem stendur 1,2 mm út úr sóla hjólbarða með eðlilegum loftþrýstingi inn þannig að hann sé sléttur við sólann) má við 20 °C ($\pm$ 4 °C) mestur vera:
 - 120 N fyrir hjólbarða sem ætlaður er undir fólksbifreið.
 - 340 N fyrir hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarða).
 - f. Í hjólbarða sem er yfir 760 mm (30 þumlungar) í þvermál og ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) er heimilt að nota nagla sem hver um sig er allt að 4,7 g og mesta stöðukraft við 20 °C ($\pm$ 4 °C) 380 N.
- b. Liður 16.02 (4) orðist svo:
Hjólbarðar fyrir ökutæki sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skulu vera negldir sem hér segir:
- a. Lengd nagla út úr nýnegldum hjólbarða má að meðaltali ekki vera meiri en 1,7 mm.
 - b. Lengd nagla út úr hjólbarða má ekki vera minni en 0,9 mm og ekki meiri en 2 mm.